



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um stöðu innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Reykjavíkurborg

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 14. september s.l., var meðfylgjandi fyrirspurn vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 5. lið fundargerðar sama dag.

Svar Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fór yfir mögulega útfærslu á innleiðingu Barnasáttmála hjá Reykjavíkurborg með skóla- og frístundasviði í byrjun árs 2023. Í framhaldi var boðað til fundar með fulltrúum frá Akureyrarbæ sem hafa reynslu af innleiðingu verkefnisins og fulltrúa UNICEF.

Ljóst er að verkefnið krefst aukinna fjárheimilda vegna stöðu verkefnastjóra til að halda utan um verkefnið. Endanleg ákvörðun um framhald málsins fer því fram á vettvangi Borgarráðs.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Fyrirspurn



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

***Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 8. júní 2023: Fyrirspurn um innleiðingu
Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna***

Á þremur fundum hefur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð rætt um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fyrsti fundur um þetta málefni var 25. ágúst 2022. Á öðrum fundi 22. september fer fram kynning á verkefninu Barnvæn sveitarfélög og innleiðing Barnasáttmálans. Á þeim fundi var samþykkt að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að kanna hvað starfsfólk innan skrifstofunnar gætu tekið að sér að vera tengiliður við UNICEF og verið umsjónaraðili vegna verkefnisins. Ráðið óskar eftir tillögum eigi síðar en 27. október 2022. Fulltrúi Flokks óskar upplýsinga um hver sé þessi umsjónaraðili og hvað sé að fréttu af innleiðingarferlinu?